

Samson eignarhaldsfélag ehf.

Árshlutareikningur

30. júní 2007

Samson eignarhaldsfélag ehf.

Sigtúni 42

108 Reykjavík

Kt. 490902-2520

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Áritun stjórnenda á árshlutareikninginn	3	Efnahagsreikningur	6
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4	Eiginfjáryfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Yfirlit um sjóðstreymi	8
		Skýringar	9

Áritun stjórnenda á árshlutareikninginn

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það í fyrsta sinn sem samstæðan birtir reikningskil með þeim hætti. Árshlutareikningar samstæðunnar undanfarin ár hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hafði óveruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar og ekki voru gerðar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Samson eignarhaldsfélags hf. og dótturfélaga þess.

Tap félagsins nam 3.209 millj. kr. á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi og bókfært eigið fé í lok júní var 25.622 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Sé hins vegar miðað við markaðsverð eignarhluta í Landsbanka Íslands hf. í lok júní nam eigið fé félagsins 108.129 millj. kr. að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.

Stjórn Samson eignarhaldsfélags ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar Samson eignarhaldsfélags hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Samson eignarhaldsfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

KPMG hf.

Rekstrarreikningur

fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Samstæða 2007 Skýr. 1.1.-30.6.	Móðurfélag 2006 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur:		
Vaxtatekjur	458.972	413.241
Vaxtagjöld	(1.397.622)	(1.395.223)
Áhrif hlutdeildarféлага	10.911.560	8.715.971
(Gengistap) -hagnaður eigna og skulda	(14.657.507)	6.895.565
Aðrar tekjur	<u>1.234.674</u>	<u>0</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>(3.449.924)</u>	<u>14.629.553</u>
Rekstrargjöld:		
Almennur rekstrarkostnaður	<u>870.772</u>	<u>62.901</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(4.320.696)	14.566.651
Tekjuskattur	<u>1.111.787</u>	<u>(2.382.941)</u>
(Tap) hagnaður tímabilsins	<u>(3.208.908)</u>	<u>12.183.710</u>
Ráðstöfun:		
Hluthafar móðurfélags	(3.164.801)	12.183.710
Minnihluti	<u>(44.107)</u>	<u>0</u>
(Tap) hagnaður tímabilsins	<u>(3.208.908)</u>	<u>12.183.710</u>
(Tap) hagnaður á hluta:		
(Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hverja krónu hlutafjár	-3,75	14,25

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skýr.	Samstæða 30.6.2007	Samstæða 31.12.2006
Eignir:			
Viðskiptavild		8.969.747	0
Rekstrarfjármunir	6	27.334.578	2.237.354
Eignarhlutar í dótturfélögum		4.151.363	0
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	7	79.625.796	72.133.905
Aðrar fjárfestingar		19.389.532	7.448.817
		<u>139.471.017</u>	<u>81.820.076</u>
		Fastafjármunir	
Aðrar fjárfestingar		1.098.369	1.165.917
Skammtímakröfur		4.951.852	3.252.634
Inneign hjá dótturfélagi		790.852	0
Handbært fé		8.706.095	6.674.189
		<u>15.547.169</u>	<u>11.092.740</u>
		Veltufjármunir	
		<u>155.018.185</u>	<u>92.912.816</u>
		Eignir samtals	
Eigið fé:			
Hlutafé	8	855.018	855.018
Yfirverðsreikningur		2.395.282	2.395.282
Þýðingarmunur	(69.615)	1.068.918
Óráðstafað eigið fé		19.603.764	22.768.564
		<u>22.784.449</u>	<u>27.087.782</u>
		Eigið fé	
Minnihluti		2.837.436	2.285.867
		<u>25.621.885</u>	<u>29.373.649</u>
Skuldir:			
Vaxtaberandi lán	9	73.424.547	30.579.609
Tekjuskattsskuldbinding		4.330.985	5.692.695
		<u>77.755.532</u>	<u>36.272.304</u>
		Langtímaskuldir	
Vaxtaberandi lán	10	48.040.087	22.828.932
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		3.600.681	4.437.931
		<u>51.640.768</u>	<u>27.266.863</u>
		Skammtímaskuldir	
		<u>129.396.300</u>	<u>63.539.167</u>
		Skuldir samtals	
		<u>155.018.185</u>	<u>92.912.816</u>
		Eigið fé og skuldir samtals	

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2007

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móður- félagsins	Hlutdeild minnihluta	Samtals
30. júní 2006							
Eigið fé 1.1.2006	865.018	3.313.582	565.923	9.547.424	14.291.947	0	14.291.947
Þýðingarmunur			86.291		86.291		86.291
Hagnaður tímabilsins				12.183.710	12.183.710		12.183.710
Heildarhagnaður tímabilsins			86.291	12.183.710	12.270.001	0	12.270.001
Eigið fé 30.6.2006	865.018	3.313.582	652.214	21.731.134	26.561.948	0	26.561.948
30. júní 2007							
Eigið fé 1.1.2007	855.018	2.395.282	1.068.918	22.768.565	27.087.783	2.285.867	29.373.650
Þýðingarmunur			(1.138.533)		(1.138.533)	(374.747)	(1.513.280)
Tap tímabilsins				(3.164.801)	(3.164.801)	(44.107)	(3.208.908)
Heildartap tímabilsins			(1.138.533)	(3.164.801)	(4.303.334)	(418.854)	(4.722.188)
Kaup á dótturfélagi						970.423	970.423
Eigið fé 30.6.2007	855.018	2.395.282	(69.615)	19.603.764	22.784.449	2.837.436	25.621.885

Yfirlit um sjóðstreymi

fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Samstæða 2007 Skýr. 1.1.-30.6.	Móðurfélag 2006 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:		
(Tap) hagnaður tímabilsins	(3.208.908)	12.183.710
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður seldra rekstrarfjármuna	(10.972)	0
Afskriftir	179.945	0
Verðbætur og gengismunur af langtímalánum og -kröfum	(2.730.451)	3.248.616
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	(10.911.551)	(8.715.971)
Tekjuskattur, breyting	(1.111.787)	1.569.773
Veltufé (til) frá rekstri	(17.793.725)	8.286.129
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(1.541.708)	(7.762.607)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	11.476.215	818.647
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>(7.859.218)</u>	<u>1.342.169</u>
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keyptar óefnislegar eignir	(8.676.052)	0
Keyptir rekstrarfjármunir	(26.180.732)	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	240.600	0
Fjárfesting í dótturfélögum	5 (1.110.487)	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi að frádregnum mótteknum arði	5 1.823.619	(1.658.209)
Fjárfesting í öðru félagi	0	(3.702.720)
Skuldabréfaeign, breyting	69.825	1.273.301
Aðrar skammtímakröfur, breyting	(16.109.215)	0
Fjárfestingahreyfingar	<u>(49.942.442)</u>	<u>(4.087.628)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	9 68.759.737	11.701.725
Afborgun langtímalána	(9.513.792)	(3.745.500)
Tekið bankalán	587.795	0
Fjármögnunarhreyfingar	<u>59.833.740</u>	<u>7.956.225</u>
Hækkun á handbæru fé	2.032.080	5.210.766
Handbært fé í ársbyrjun	<u>6.674.015</u>	<u>1.803.128</u>
Handbært fé í lok júní	<u>8.706.095</u>	<u>7.013.894</u>

Skýringar

1. Félagið

Samson eignarhaldsfélag hf. (félagið) er með lögheimili að Sigtúni 42 í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar, og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Félagið fjárfesti í dótturfélögum á miðju ári 2006 og því eru samanburðarfjárhæðir sama rekstrartímabils ársins 2006 eingöngu móðurfélagsins.

Reikningsskil samstæðunnar fyrir árið 2006 er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins eða heimasíðu Kauphallarinnar, www.omx.is

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árshlutareikninga, sem samþykktir hafa verið af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB). Þetta eru fyrstu reikningsskil samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nær yfir hluta af því tímabili sem fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt stöðlunum mun ná yfir. Yfirfærslan er í samræmi við IFRS-staðal 1 sem fjallar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Árshlutareikningurinn inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu félagsins og fjárhagsstöðu en ekki allar þær upplýsingar sem koma þurfa fram í heildstæðum ársreikningi.

Innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hafði óveruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar og ekki voru gerðar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006.

b. *Grundvöllur matsaðferða*

Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og myndar grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem í gildi eru eða sem beita má við gerð fyrsta ársreiknings samstæðunnar sem gerður verður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir árið 2007.

Þeir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar sem gilda eða sem unnt er að beita strax varðandi samstæðureikning félagsins fyrir tímabilið sem lýkur 31. desember 2007 kunna enn að breytast og viðbótar túlkanir kunna að verða gefnar út. Af því leiðir að reikningsskilaaðferðir fyrir yfirstandandi ár munu ekki liggja endanlega fyrir fyrr en í árslok þegar fyrsti ársreikningurinn samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verður gerður fyrir árið 2007.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

a. *Grundvöllur samstæðu*

(i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu á fjárfestingu samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar eru og útgefina eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi.

(ii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðaréttar. Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er fjárfestingin gjaldfærð að fullu og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) *Viðskipti færð út úr samstæðureikningnum*

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreikningsins. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í starfsrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

c. Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þáttum (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi).

Félagið notar gjaldeyris- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhattu sem verður til vegna starfsemi félagsins. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu fyrirtækisins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á einstökum hlutum rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta ávinninginn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar	5 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin við gerð reikningsskila.

e. *Fjárfestingar*

(i) *Hlutabréf*

Fjárfestingar í hlutabréfum til sölu eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar eru færðar á eigið fé nema virðisrýrnun sem er færð yfir rekstur. Við sölu hlutabréfanna, eða virðisrýrnun þeirra, eru uppsafnaðar gangvirðisbreytingar, sem áður voru færðar á eigið fé, færðar sem hagnaður eða tap í rekstrarreikning. Í þeim tilvikum sem gangvirði liggur ekki fyrir eru hlutabréfin færð til eignar á kostnaðarverði.

(ii) *Skuldabréf*

Skuldabréf, flokkuð sem fjáreignir til gjalddaga, eru færð til eignar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vextir af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

f. *Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur*

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með kröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

g. *Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar innstæður og annað ígildi handbærs fjár.

h. *Virðisrýrnun*

Fjáreignir

Bókfært verð fjáreigna sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort um virðisrýrnun sé að ræða. Endurheimtanleg fjárhæð eignanna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflega virkum vöxtum og ef bókfært verð er lægra er virðisrýrnun færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á óefnislegum eignum sem eru taldar hafa óendanlegan líftíma.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einingis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

Skýringar, frh.:

i. Hlutfé

Kostnaður sem tengist beint útgáfu á hlutfé er færður til lækkunar á eigin fé.

(i) Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir, sem flokkaðir eru sem eigið fé, eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé að teknu tilliti til skattáhrifa. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færðir til lækkunar á eigin fé.

(ii) Arður

Arður til hluthafa er færður til lækkunar á eigin fé þegar aðalfundur hefur samþykkt greiðslu hans.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna.

k. Vaxtaberandi lántökur

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð miðað við virka vexti.

l. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

m. Gjöld

Almennur rekstrarkostnaður

Almennur rekstrarkostnaður samanstendur af rekstrarkostnaði fasteigna, skrifstofu- og stjórnarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði.

Starfsmannatengdar greiðslur

Samstæðan greiðir mótframlög í lífeyrissjóði vegna starfsmanna samstæðunnar og eru þau færð í rekstrarreikning sem launatengd gjöld þegar þau falla til.

n. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur samanstanda af, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af afleiðusamningum sem eru færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

o. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreiknings aðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélagi svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og að jafnframt sé talið líklegt að hann snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri á bókfærðu verði eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

u. Hagnaður á hlut

Í árshlutareikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við starfsmenn og því er ekki um ræða neina þynningu á hagnað á hlut.

v. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarafkoma starfsþátta tekur til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta á rökrænan hátt. Eignum starfsþátta er skipt á sama hátt, en skuldum samstæðunnar hefur ekki verið skipt á starfsþætti, þar sem fjármagns er aflað fyrir félagið í heild sinni en ekki einstaka starfsþætti.

w. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Sömu reikningsskilaaðferðum er beitt við framsetningu þessara samandregnu árshlutareiknings og verður beitt við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007, fyrir utan eftirfarandi staðla, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa árshlutareiknings.

- IFRIC 7 *Beiting endurmatsaðferðar* samkvæmt IAS 29 um Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.
- IFRIC 8 *Gildissvið IFRS 2 Eignarhlutatengdar greiðslur* tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

- IFRIC 9 *Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC 9 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 10 *Árshlutareikningar og virðisrýmun* bannar bakfærslu virðisrýmunar viðskiptavildar fjárfestinga í eiginfjárgerningum eða fjáreigna sem færð er við kostnaðarverði sem er færð í árshlutareikningi. IFRIC 10 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Ákveðnar reikningsskilaaðferðir og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í viðeigandi skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörstegi.

(ii) Afleiður

Gangvirði framvirkra gjaldmiðlasamninga er metið með því að núvirða mismuninn á framvirknu samningsgengi og núverandi framvirknu gengi fyrir eftirstöðvar samningstímans miðað við áhættulausa vexti.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit eru birtar eftir sviðum. Aðal starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Verðlag milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Rekstur félagsins greinist þannig eftir starfsþáttum:

1. janúar til 30. júní 2007	Fjárfestingar- starfsemi	Fasteigna- starfsemi	Samtals
Hreinar rekstrartekjur	(3.723.029)	273.113	(3.449.916)
Almennur rekstrarkostnaður	(71.835)	(798.938)	(870.773)
Tap fyrir tekjuskatt	(3.794.864)	(525.825)	(4.320.689)
Tekjuskattur	1.095.020	16.767	1.111.787
Tap tímabilsins	(2.699.844)	(509.058)	(3.208.902)
Afskriftir rekstrarfjármuna	398	179.546	179.944
Starfsþáttaeignir	107.266.074	67.037.997	155.018.185
Starfsþáttaskuldir	79.786.937	60.918.511	133.233.738
Fjárfestingarhreyfingar	(3.265.698)	(56.737.060)	(49.946.442)

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

Kostnaðarverð	Fasteignir	Innréttingar og listaverk	Samtals
Hækkun vegna kaupa á dótturfélagi	106.078	3.526	109.604
Viðbætur á árinu	2.263.770	6.292	2.270.062
Heildarverð 31.12.2006	2.369.848	9.818	2.379.666
Heildarverð 1.1.2007	2.369.848	9.818	2.379.666
Viðbót vegna dótturfélags	333.217	0	333.217
Viðbætur á árinu	26.176.522	0	26.176.522
Selt og fært út á árinu	(229.900)	4.210	(225.690)
Gengismunur	(1.011.840)	0	(1.011.840)
Heildarverð 30.6.2007	27.637.847	14.028	27.651.875
Afskriftir og virðisrýrnun			
Afskrifað áður	79.159	3.091	82.250
Afskriftir ársins	59.350	712	60.062
Afskrifað alls 31.12.2006	138.509	3.803	142.312
Afskrifað áður	138.509	3.803	142.312
Selt og fært út á árinu	(272)	0	(272)
Afskrifað á árinu	179.590	398	179.988
Gengismunur	(4.731)	0	(4.731)
Afskrifað samtals 30.6.2007	313.096	4.201	317.297
Bókfært verð			
31.12.2006	2.231.339	6.015	2.237.354
30.6.2007	27.324.751	9.827	27.334.578

7. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Samandregnar fjárhagsupplýsingar og upplýsingar um eignarhluti í hlutdeildarfélögum eru eftirfarandi:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé	Tekjur	Hagnaður / (tap)
1.1.-30.6.2007						
Landsbanki Íslands hf. ...	43%	2.597.147	2.432.619	164.528	58.624	26.303
SG Nord Holding A/S ...	50%	18.538	5.448	13.090	0	225
1.1.-31.12.2006						
Landsbanki Íslands hf. ...	43%	2.172.924	2.028.641	144.283	89.426	38.906
SG Nord Holding A/S ...	50%	21.068	6.296	14.772	0	(321)

Eignarhlutinn í Landsbanka Íslands hf. var að nafnverði 4.559 millj. kr. í lok júní. Markaðsverð hans á þeim tíma nam 173.700 millj. kr. Hlutfé að nafnverði 3.349 millj. kr. í Landsbanka Íslands hf. hefur verið sett að handveði til tryggingar á skuldum sem námu 33.180 millj. kr. í lok júní.

8. Eigið fé***Hlutfé***

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 950 millj. kr. og er það óbreytt frá árinu áður. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 95 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Útistandandi hlutir í lok júní eru 855 millj. kr. og eru allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

Yfirverðsreikningur

Félaginu hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar hlutfé þess hefur verið hækkað og er fjárhæð sem greidd hefur verið umfram nafnverð færð á yfirverðsreikning. Heimilt er að nota yfirverðsreikning til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna þýðingar á reikningsskilum erlendra dótturfélaga sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri félagsins.

Arður

Stjórn félagsins lagði til að greiddar yrðu 1.000 millj. kr. arður á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006 eða 1,17 kr. á hluta. Enginn arður var greiddur árið áður.

9. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Langtímaskuldir í lok júní greinast þannig:	30.6.2007	31.12.2006
Skuldabréfaútgáfur	24.432.170	18.886.653
Önnur langtímalán	83.609.896	34.507.147
	<u>108.042.066</u>	<u>53.393.800</u>

Tafla yfir skilmála og endurgreiðslutíma vaxtaberandi langtímaskulda:

Skuldir í EUR	67.716.614	12.105.311
Skuldir í USD	3.892.597	7.501.778
Skuldir í DKK	2.343.657	2.482.058
Skuldir í ISK	34.090.198	31.304.653
Langtímalán samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	108.043.066	53.393.800
Næsta árs afborganir	(34.618.519)	(22.814.192)
Samtals	<u>73.424.547</u>	<u>30.579.608</u>

10. Vaxtaberandi skammtímaskuldir

Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda greinast þannig:

Næsta árs afborganir	34.618.519	22.814.192
Önnur skammtímalán	13.421.568	14.740
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	<u>48.040.087</u>	<u>22.828.932</u>

11. Dótturfélög

1. Í lok júní voru dótturfélög móðurfélagsins tvö. Að auki á annað dótturfélagið sjö dótturfélög þannig að samstæðan inniheldur níu félög sem eru eftirfarandi:

	Land	Eignarhluti	
		30.6.2007	31.12.2006
Samson Properties ehf.	Ísland	100%	100%
Crosshill BV	Holland	100%	100%
Crosshill 2 BV	Holland	100%	-
Grandagarður ehf.	Ísland	100%	-
Rauðsvík ehf.	Ísland	100%	100%
Samson Partners-Properties 1 ehf.	Ísland	54%	54%
Sherman Properties Finance SA	Breskar Jómfrúareyjar	100%	100%
Vatn og land ehf.	Ísland	100%	100%
Ópera fjárfestingar ehf.	Ísland	100%	100%